

## Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 20. janúar 2021 í máli nr. 79/2020

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 5. ágúst 2020 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu við flísalögn á baðherbergi og krefst þess að reikningur vegna vinnunnar verði lækkaður um 192.200 krónur. Þá krefst sóknaraðili þess að 20% álag á efniskostnað verði fellt niður, alls 18.896 krónur. Alls gerir sóknaraðili kröfu um endurgreiðslu að fjárhæð 211.096 krónur. Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með bréfi, dags. 5. ágúst 2020, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 31. ágúst 2020. Sóknaraðili sendi nefndinni athugasemdir við andsvör varnaraðila þann 2. september 2020. Athugasemdir varnaraðila bárust þann 14. september 2020. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara, athugasemda sóknaraðila og athugasemda varnaraðila, afrit af reikningum vegna þjónustunnar ásamt sundurliðun, samantekt sóknaraðila á efniskostnaði, afrit af reikningum vegna kaupa sóknaraðila á flísum til verksins, kostnaðarútreikningar, mynd af byggingarlykli Hannarrs, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, upplýsingabæklingur um þær flísar sem lagðar voru á vegg, svo og reikningar vegna kaupa varnaraðila á efni til verksins.

Með bréfi, dags. 12. október 2020, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Í gögnum málsins kemur fram að sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við að flísaleggja baðherbergi í fasteign sóknaraðila á um 5 fm gólfleti og um 8 fm á vegg. Í verkinu fólst undirbúningsvinna við að grunna, flota gólf og kvoða vegg með vatnsvörn, ásamt því að flísaleggja gólf, vegg og hlaða glervegg. Verkið var unnið í október árið 2019. Sóknaraðili hafði sjálfur keypt flísar á gólf og vegg til verksins, ásamt fúgu, fyrir alls 271.840 krónur, en varnaraðili útvegaði annað efni eftir þörfum. Heildarkostnaður við verkið var að fjárhæð 852.762 krónur með virðisaukaskatti samkvæmt reikningi útgefnum af varnaraðila, dags. 16. nóvember 2019. Þar af var kostnaður við efni, akstur og verkfæraleigu að fjárhæð 121.961 krónur, kostnaður við vinnu að fjárhæð 565.750 krónur, auk virðisaukaskatts að fjárhæð 165.051 krónur.

Í tölvupósti til varnaraðila þann 21. desember 2019 gerði sóknaraðili athugasemdir við reikninginn sem hann taldi hærri en eðlilegt væri. Sættir tókust ekki milli aðila og greiddi sóknaraðili reikninginn þann 10. febrúar árið 2020. Sóknaraðili krefst þess að reikningur vegna vinnu varnaraðila verði lækkaður um 192.200 krónur, sem samsvarar 20 tímum af vinnu, auk

Þess að álag á efniskostnað verði felld niður, alls 18.896 krónur. Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá en til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

### 3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili bendir á að krafa varnaraðila vegna flísalagningar sé töluvert yfir eðlilegu kostnaðarviðmiði og vísar til byggingarlykils Hannarrs. Þar segir að eðlilegt sé, þegar um er að ræða millidýrar eða dýrar flísar, að vinnukostnaður svari til um 41% til 49% af efniskostnaði. Þegar búið er að draga frá kostnað við hleðslu á glervegg hafi kostnaðurinn hins verið um 130% af efniskostnaði eða um þrefalt hærri en eðlilegt er. Sóknaraðili kveðst hafa haft samband við varnaraðila þegar reikningurinn barst og óskað eftir leiðréttingu. Varnaraðili hafi sagst ætla að kanna málið og hafa samband en ekki gert það. Í kjölfarið hafi sóknaraðili sent varnaraðila tölvupóst 21. desember 2019 með sundurliðuðum athugasemdum með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram komi í byggingarlykli Hannarrs varðandi sambærileg verk. Engin svör hafi hins vegar borist frá varnaraðila þrátt fyrir ítrekanir. Þann 3. febrúar 2020 hafi varnaraðili haft samband og afhent sóknaraðila umbeðna reikninga vegna efniskostnaðar en neitað að breyta reikningnum. Varnaraðili hafi haldið því fram að byggingarlykillinn tæki aðeins til stórra nýbyggingaverkefna en ekki viðhaldsverka, auk þess að þær flísar sem sóknaraðili keypti hefðu verið sérstaklega erfiðar í lögn þar sem motturnar héldu ekki bili á milli flísanna réttu. Sóknaraðili kveðst hafa séð af þeim mottum sem voru afgangi að svo væri ekki. Þá hafi hann haft samband við Hannarr verkstæðistofu og fengið þær upplýsingar að handbókin byggði ekki aðeins á reynslu frá nýbyggingum heldur einnig viðhaldsverkum, stórum og smáum.

Sóknaraðili kveðst einna helst gera athugasemd við greiðslukröfu fyrir flísalögn á veggjum. Samkvæmt vinnuskýrslu hafi flísalögn á um 8 fm tekið 38 klukkustundir eða um fimm klukkustundir og 37.000 krónur á fermetur. Samkvæmt byggingarlyklinum ætti kostnaðurinn, miðað við þann efniskostnað sem liggur í flísunum, fúgu og tilheyrandi, að nema um 15.000 til 20.000 krónum á fermetra.

Sóknaraðili krefst þess að reikningur vegna vinnunnar verði lækkaður um 192.200 krónur eða sem nemur 20 vinnustundum. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að fella niður 20% álag á efniskostnað, sem nemur 18.896 krónum, enda hafi ekki verið veittar upplýsingar um þann kostnað áður en verkið hófst.

### 3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili krefst þess aðallega að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá kæruneftndinni, einkum með vísan til b. og f. liða 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi lýst yfir ánægju sinni með verkið og ekki hafi verið ágreiningur um efni eða efniskostnað við framkvæmd verksins. Verkið hafi verið vel unnið og engin vanefnd átt sér stað sem geti verið grundvöllur að kröfu sóknaraðila um afslátt. Þá hafi þeir 20 tímar, sem sóknaraðili krefst þess að verði felldir niður, sannanlega verið unnir í þágu sóknaraðila á heimili hans. Varnaraðili bendir einnig á 23. gr. laga nr. 81/2019 þar sem fram kemur að lögin taki gildi 1. janúar 2020 og að kæruneftndinni sé veitt umboð til meðferðar mála þar sem málsmeðferð var hafin fyrir gildistöku laganna.

Varnaraðili krefst þess til vara að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili tekur fram að viðskiptavinum sé ávallt heimilt að óska eftir kostnaðaráætlun í verk og gerð verksamnings þar sem unnt sé að setja fram helstu forsendur kaupanda verksins ef þær eru til staðar. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki óskað eftir áætlun eða sett fram ákveðin skilyrði varðandi framkvæmd verksins eða verksamning. Ekki hafi verið rætt um kostnaðarviðmið eða að sóknaraðili vilji leggja til grundvallar almenn verðdæmi úr fræðsluriti ráðgjafarfyrirtækis sem sóknaraðili hafi fundið eftir að verkinu var skilað. Varnaraðili bendir á að í inngangi ritsins segi m.a.: „Byggingarlykill Hannarrs er hjálpartæki þeirra sem koma að

byggingarframkvæmdum og viðhaldi bygginga“. Ritið feli hins vegar ekki í sér almenna verðskrá fyrir þjónustuveitendur heldur sé um upplýsingarit að ræða sem ætlað er til fræðslu og aðstoðar fyrir þá sem leggja út í bygginga- eða viðhaldsframkvæmdir. Varnaraðili tekur fram að verðlag sé frjálst og framangreint upplýsingarit endurspegli ekki raunkostnað við framkvæmd sérsniðinna verkefna. Verkið hafi verið unnið vel og farið eftir þeim kröfum sem það efni, sem sóknaraðili keypti til verksins, hafi gert til vinnunnar. Með kröfu um endurgreiðslu á 20 vinnustundum sé óskað eftir um 36% afslætti af verki sem hafi verið unnið vel og skilað í samræmi við bestu framkvæmd á sviði múrverks með nákvæmni og fagmennsku að leiðarljósi. Huglægt mat sóknaraðila, sem ekki hafi sérþekkingu á múrverki, á kostnaðinum, með vísan til almenns fræðslurits og þess sem sóknaraðili ætlar sjálfur að hafi verið nægjanlegt til að skila vönduðu verki, fáist ekki staðist.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi lagt til verksins flísamottur en vinna við lögn þeirra sé tímafrekari en lögn hefðbundinna flísa. Sóknaraðili hafi lagt fram efni sem krafðist sérsniðinna lausna og verði að bera kostnaðinn af því að varnaraðili hafi mætt hans séróskum varðandi framkvæmd verksins. Í verðdæmum fræðsluritsins er að sögn varnaraðila vísað til annarskonar flísa en í tilviki sóknaraðila og samanburðurinn sé því óraunhæfur og óviðeigandi. Tímafjöldinn við vinnu verksins er að sögn varnaraðila hæfilegur í samræmi við það sem yfirleitt tíðkast við framkvæmd slíkrar þjónustu. Þá bendir varnaraðili á að við framkvæmd verksins hafi vantað annað efni líkt og glerhleðslusteina sem hafi tekið tíma að útvega. Af því leiði að meiri tími fór í verkið en ella.

Varnaraðili tekur fram að hann hafi útvegað efni hjá fjórum fyrirtækjum sem hann er í samstarfi við, sem veiti varnaraðila sem fagmanni góð kjör við kaup á efni sem fæst á lágmarksheildsöluverði, sem almennum viðskiptavinum standi ekki til boða. Við efniskaup og endursölu þeirra til neytenda sé gerður reikningur fyrir vörunni á heildsöluverði, en með álagningu af hálfu varnaraðila sem velur og útvegar rétt efni. Um leið njóti viðskiptavinur afsláttarkjara frá almennum innkaupaverði til neytanda. Með því móti deili seljandi afsláttarkjörum fyrirtækisins til neytanda sem um leið fái sérfræðiþjónustu við val og innkaup á viðkomandi efni eða íhlutum. Í öllum tilvikum fái neytandi allt frá 10% til 20% afslátt af útsöluverði viðkomandi verslana þar sem aðföngin voru keypt. Varnaraðili sem fagmaður fái lágmarksþóknun fyrir milligöngu við að útvega efnið, aðstoða við innkaup og sækja efnið. Um kostnaðarsamt efni sé að ræða og heildarálagning að fjárhæð 15.239 krónur sé afar hagstæð. Varnaraðili telur þá viðskiptahætti sanngjarna fyrir báða aðila og telur sér heimilt að krefjast fullrar greiðslu þar sem enginn samningur hafi verið gerður um að neytandinn fái efnið einnig á heildsöluverði.

### 3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum við andsvör varnaraðila tekur sóknaraðili fram að krafa sóknaraðila sé skýr, ágreiningur hafi verið til staðar frá því fljótlega eftir að reikningur barst, krafan nemi umtalsverðum hluta reikningsins og því ekki léttvæg, sbr. b. liður 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019. Þá sé vandséð hvernig krafa sóknaraðila ætti að vera til þess fallin að trufla störf nefndarinnar samkvæmt f. lið ákvæðisins. Sóknaraðili segir ekki liggja fyrir að allir skráðir vinnutímar hafi í raun verið unnir í þágu sóknaraðila. Mikið hafi verið unnið hluta úr degi og starfsmenn mikið á ferðinni eða í öðrum verkum samtímis. Þá segir sóknaraðili að athugasemdir um tímaskráningu miði ekki við mældan tímafjölda í viðveru heldur á því að skráður tímafjöldi sé mun hærri en eðlilegt og sanngjarnt gæti talist miðað við þau gögn sem sóknaraðili hefur aflað. Sóknaraðili telur með vísan til framangreinds að kærunefndinni beri ekki að vísa málinu frá.

Sóknaraðili segir að krafa hans byggi ekki á huglægu mati. Kveðst sóknaraðili hafa haft samband við múrrameistara eftir að reikningur barst og sá hafi talið reikninginn úr takti við verklýsinguna og vísað til byggingarlykils Hannarrs. Í kjölfarið hafi sóknaraðili óskað eftir því við varnaraðila að reikningurinn yrði endurskoðaður.

Sóknaraðili tekur fram að byggingalykillinn sé viðurkennt upplýsingarit fyrir byggingariðnaðinn sem gefið hafi verið út reglulega í fjölda ára og notað jafnt af verktökum sem þjónustukaupendum við tilboðsgerð og útreikning verkáætlaða. Sóknaraðili bendir á umfjöllun um byggingalykilinn á heimasíðu Hannarrs þar sem segir: „Verðskráin byggist að mestu á reynslutölum sem endurspeglar verðþróun á byggingarmarkaðinum á hverjum tíma. Þannig býður Byggingarlykillinn upp á að hægt sé að gera raunhæfar kostnaðaráætlanir hverju sinni. Byggingarverðskráin er veigamesti hluti Byggingarlykilsins og er lögð mikil vinna í viðhald hennar og viðbætur. Verðskráin styðst einnig við byggingarvísitölu Hagstofu Íslands, launataxta iðnaðarmanna og efniskostnað byggingarvöruframleiðanda og verslana.“ Af því leiði að um vandað viðmiðunarrit sé að ræða, byggt á traustum reynslugögnum sem endurspeglar markaðinn. Verði því ekki annað séð en að þær viðmiðunartölur sem þar komi fram séu traustur grunnur við mat á því hvort verðlagning verks sé sanngjörn. Sóknaraðili tekur einnig fram að í byggingalyklinum sé ekki tilgreint að þar sé miðað við eina gerð flísa umfram aðra. Þá séu flísar seldar á mottum til að flýta fyrir lagningu þeirra. Þrátt fyrir að vel megi vera að lengri tíma taki að leggja flísar á mottu en heila flís af þeirri stærð getur það að mati sóknaraðila ekki réttlætt fimm klukkustunda vinnu fyrir hvern fermeter.

### 3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum sínum ítrekar varnaraðili að hann hafi aðeins krafist greiðslu fyrir vinnu sem sannanlega var innt af hendi. Þá hafi byggingarlykill Hannarrs enga þýðingu í málinu enda væru verktilboð væntanlega óþörf ef slíkur byggingarlykill væri nothæfur sem almenn verðskrá fyrir öll verk, stór og smá. Verkið hafi verið sérhæft, unnið í litlu rými með efni sem sóknaraðili sjálfur lagði til sem hafi verið tímafrekt og kostnaðarsamt. Varnaraðili bendir á að verðkannanir séu vandmeðfarnar og engar upplýsingar liggi fyrir um það hvernig hagfræðilega eða lagalega hafi verið staðið að söfnun upplýsinga um byggingarmarkaðinn á Íslandi. Þá ítrekar varnaraðili að sóknaraðili hafi notið góðs af þeim afsláttum sem varnaraðili fékk við efniskaup miðað við kostnaðinn ef sóknaraðili hefði keypt efnið sjálfur.

## IV

### Niðurstaða

Kærufnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærufnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið laganna að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegrri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögin taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Í 1. mgr. 16. gr. segir að neytendur geti óskað eftir úrskurði kærufndar vöru- og þjónustukaupa vegna ágreinings sem rís af sölu- eða þjónustusamningi.

Varnaraðili krefst þess að kvörtun sóknaraðila verði vísað frá samkvæmt b. og f. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Telur varnaraðili að kvörtunin sé lítilvæg eða tilefnislaus samkvæmt b. lið 1. mgr. 14. gr. laganna, svo og að meðhöndlun málsins muni skaða skilvirka starfsemi kærufndarinnar, sbr. f. liður ákvæðisins. Ekki er fallist á það með varnaraðila að kvörtunin sé lítilvæg eða tilefnislaus, að raunverulegur ágreiningur sé ekki til staðar milli málsaðila eða að krafa sóknaraðila sé svo óskýr að hún sé ótæk til meðferðar. Þá verður ekki séð að úrlausn málsins sé til þess fallin að skaða skilvirka starfsemi nefndarinnar. Varnaraðili vísar einnig til 23. gr. laganna sem mælir fyrir um gildistöku þeirra þann 1. janúar árið 2020, að undanskildu bráðabirgðaákvæði I. sem mælir fyrir um heimild kærufndar lausafjár- og þjónustukaupa, sem hefur nú verið lögð niður, til að gefa

út álitsgerð í þeim málum sem voru enn til meðferðar nefndarinnar við gildistöku laganna. Sú heimild varðar ekki starfsemi kærnefndar vöru- og þjónustukaupa og kemur því ekki til álita í málinu. Með hliðsjón af framangreindu er ekki fallist á kröfu varnaraðila um frávísun málsins.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við flísalögn á baðherbergi í fasteign sóknaraðila sem framkvæmd var í október árið 2019. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl., sbr. 2. tl. 1. gr. laganna. Í þjónustunni fólst flotun á gólfi, veggir voru grunnaðir, kvoða borin á vegg, flísar lagðar á gólf og vegg og reistur var glerveggur. Varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 852.762 krónur fyrir þjónustuna, með reikningi útgefnum þann 16. nóvember árið 2019, sem sóknaraðili greiddi 10. febrúar árið 2020.

Sóknaraðili telur að greiðslukrafa varnaraðila, fyrir vinnu við flísalögn á veggjum baðherbergisins, hafi verið hærri en eðlilegt geti talist og krefst endurgreiðslu sem svarar til 20 vinnustunda eða 192.200 krónum. Byggir sóknaraðili þá kröfu sína á byggingarlykli sem gefinn er út af verkfræðistofunni Hannarr. Þar er mælt fyrir um það meðaltalsviðmið að hlutfall vinnu af heildarverði, þegar lagðar eru meðal dýrar flísar, sé um 49% af efniskostnaði á fermeter, eða 24.685 krónur, en um 42% eða 32.722 krónur, þegar um dýrar flísar er að ræða.

Í 28. gr. þkpl. er fjallað um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð. Ákvæðið er svohljóðandi:

**„28. gr.**

*Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“*

Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef samið er um verk miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort efnismagn og tímafjöldi séu hæfileg ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi. Ef þjónusta tekur lengri tíma en ella vegna aðstæðna sem varða neytanda getur seljandi farið fram á hærri greiðslu.

Þrátt fyrir að byggingarlykill sá sem sóknaraðili vísar til geti veitt vísbendingar um meðaltal kostnaðar við vinnu ákveðinna verka verður hann ekki lagður til grundvallar við lagalega úrlausn málsins. Við úrlausn einstaka ágreiningsmála verður að fara fram heildstætt mat hverju sinni þar sem litið er til eðlis þjónustunnar, umfangs verksins og allra atvika. Við mat á því hvort skráður tími, við flísalögn hvers fermeters, sé hæfilegur, verður að taka tillit til ýmissa atriða, s.s. hvernig flísar voru lagðar, stærð flísanna, lögun flísanna, þeirra aðferða sem þarf að beita við lagningu, svo og krafna sem gera verður til nákvæmni við lögnina og frágang.

Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi skilað af sér verkinu með fullnægjandi hætti, í samræmi við kröfur sóknaraðila og er ekki uppi ágreiningur um árangur

verksins. Alls voru skráðar 38 vinnustundir við flísalögn á veggjum baðherbergisins sem nær yfir um 8 fm svæði samkvæmt gögnum málsins. Svarar það til 4,75 klukkustunda vinnu á hvern fermeter.

Flísarnar sem lagðar voru á veggum baðherbergisins kallast „LIBRA Geometrie inaspettate“ og eru hver og ein um 5 x 10 cm að stærð, á mottu sem er 30 x 37 cm að stærð og óregluleg að lögun. Lögn slíkra flísa getur óhjákvæmilega tekið lengri tíma en lögn hefðbundinna flísa vegna þeirrar nákvæmnisvinnu sem verkið krefst. Verður ekki séð að tímaskráning varnaraðila hafi verið óeðlileg eða í ósamræmi við það sem almennt tíðkast við undirbúningsvinnu, rétta lögn og frágang slíkra flísa.

Með hliðsjón af gögnum málsins telur kærnefndin að sóknaraðila hafi ekki tekist að sýna fram á að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustuna. Er nefndinni ekki annað fært en að hafna þeirri kröfu sóknaraðila.

Sóknaraðili krefst þess einnig að varnaraðila verði gert að lækka greiðslukröfu sína vegna efniskostnaðar til samræmis við það verð sem varnaraðili keypti efnið á. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi greitt alls 76.193 krónur fyrir efni til verksins án virðisaukaskatts. Þar af keypti varnaraðili efni í verslununum Bauhaus, Álfaborg og Vídd fyrir 53.819 krónur samkvæmt fyrirbyggjandi reikningum. Varnaraðili kveðst einnig hafa nýtt efni til verksins frá „Lager“ fyrir 22.374 krónur án virðisaukaskatts.

Varnaraðili krafði sóknaraðila hins vegar um greiðslu kostnaðarins með 20% álagi sem var samtals að fjárhæð 15.239 krónur. Sóknaraðili greiddi varnaraðila því 91.431 krónur fyrir efni sem varnaraðili keypti á 76.193 krónur án virðisaukaskatts. Varnaraðili hefur bent á að álagið sé lagt á með vísan til þess að varnaraðili nýti fagþekkingu sína við val á efni og sjái um að sækja efnið. Ekki verður fallist á að sú skýring eigi við þar sem af málgögnum verður ráðið að sóknaraðili hafi greitt fyrir sérfræðipekkingu varnaraðila við val á efni með því að greiða varnaraðila sérstaklega fyrir þann tíma sem fór í innkaup á efninu. Varnaraðili hefur einnig vísað til þess að hann fái umtalsverðan afslátt í verslunum vegna faglegra tengsla sem bæði sóknaraðili og hann sjálfur fái að njóta. Varnaraðili fær samkvæmt framlögðum reikningum á bilinu 25 til 40% afslátt í umræddum verslunum og er afsláttur sóknaraðila því á bilinu 5 til 20% af útsöluverði vörunnar í verslunarinnar án virðisaukaskatts. Innkaupaverð eða afsláttur varnaraðila vegna efnisnotkunar frá „Lager“ liggur þó ekki fyrir, en ekki verður annað séð en að um eðlilega og hæfilega verðlagningu hafi verið að ræða.

Réttmæti þeirra verðupplýsinga sem fram koma í reikningum, sem gefnir eru út frá rafrænu bókhaldskerfi verslananna, sbr. reglugerð nr. 505/2013 um rafræna reikninga, rafrænt bókhald o.fl., verður ekki véfengt af hálfu nefndarinnar. Af þeim verður ráðið að sóknaraðili hefði greitt 70.495 krónur í efniskostnað, án virðisaukaskatts, í stað 64.583 króna, þ.e. innkaupaverði varnaraðila að fjárhæð 53.819 krónur ásamt 20% álagi. Liggur því fyrir í málinu að það 20% álag sem varnaraðili lagði á efniskostnað varð ekki til þess að sóknaraðili greiddi herra verð en hann hefði greitt ef hann hefði keypt efnið sjálfur.

Með hliðsjón af því að sóknaraðili og varnaraðili sömdu ekki sérstaklega um nýtingu sóknaraðila á afslætti varnaraðila í einstaka verslunum og að álagning varnaraðila hafi ekki verið óhófleg, verður að hafna kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu 20% álags á efniskostnað.

## V Úrskurðarorð

Kröfum sóknaraðila, X, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson